

Efni: Svar við fyrirspurn bæjarfulltrú D-lista
Málsnúmer 2006052

08.12.2020

**Óskað er eftir að fá:
Kostnað við alútbóðið á nýja skólanum**

Á 31.fundi bygginganefndar nýs skóla í Björkurstykki þann 09.10.2020 voru kynntar fyrir nefndinni ákveðnar útboðs – og framkvæmdaleiðir vegna byggingu á tímabundnu grunnskólahúsnæði, eftirfarandi er tekið úr fundargerð bygginganefndar þann 09.10.2020

Tekin var ákvörðun í sumar um frestun á opnun 1. áfanga Stekkjaskóla sem nú er í hönnun fram í maí 2022. Mannvirkjasvið hefur undanfarnar vikur unnið að mismunandi valkostum um tímabundnar eða varanlegar lausnir skólans gagnvart því að hefja kennslu í upphafi skólaárs 2021. Eiríkur fór yfir forsögu og vinnslu Mannvirkjasviðs undanfarnar vikur við hugmyndafræðina um byggingu leikskólahlutans. Eiríkur lýsti mögulegum byggingaraðferðum við skólann; 1) hefðbundin staðsteypt bygging, 2) forsteyptar einingar, 3) CLT límtréseiningar og 4) timbureiningar. Plan A er að byggja leikskólahluta Stekkjaskóla og taka hann í notkun fyrir starfsemi grunnskólans fyrsta skólaárið í hið minnsta. Plan B er að leigja/kaupa tímabundnar kennslueiningar og koma fyrir á lóð Stekkjaskóla og Plan C er að að leigja/kaupa húsnæði „úti í bæ“.

4. Eiríkur fór yfir 2 aðferðir til að raungera Plan A:

a. Fara með verkefnið í útboð á grundvelli fullnaðarhönnunar verkkaupa. Með þeirri leið yrði leikskólahlutinn hannaður til fullnustu, boðinn út og Sveitarfélagið fengi inn tilboð í mannvirkið eftir áramótin. Þar sem þarfir Sveitarfélagsins eru einna helst að fá inn stöðu markaðsins á verkefninu með augum byggingaraðferðar og tímamörkum til ráðstöfunar, sem telst knappur, er þessi aðferð ekki ákjósanleg.

b. Aðferð til að fá stöðuna á markaðnum fyrr en ofangreindur valkostur er að fara í áhugasönnun markaðsins gegnum forval. Sveitarfélagið Árborg myndi lýsa eftir áhugasömum aðilum til þess að taka þátt í forvali um lokað alútbóð vegna hönnunar og byggingar annars áfanga Stekkjaskóla á Selfossi. Í forvalinu verður hæfni væntanlegra bjóðenda metin og þeim sem standast hæfniskröfurnar verður boðið að taka þátt í lokuðu alútbóði. Settar verða upp hæfniskröfur og vægi matsþátta gagnvart 2 meginatriðum: 1) Tæknileg og fagleg geta til þess að standast þau tímamörk sem sett eru (65% vægi) og 2) Tæknileg og fagleg geta til þess að skila þeim gæðum sem óskað er eftir (35% vægi).

Mannvirkja og umhverfissvið

Á grundvelli þess lokaða alútboðs verður gerður verksamningur við þann aðila sem býður lægsta verð í verkefnið.

5. Umræður í nefndinni um tíma, byggingaraðferðir og hvort þetta sé mögulegt. Magnús Gíslason velti upp spurningunni um hvort bygging leikskólahlutans sé raunhæf á þeim tímamörkum sem eru til ráðstöfunar og hefur um það efasemdir. Einnig umræða um framkvæmdarkostnað á þeim tímamörkum sem eru til ráðstöfunar. Eiríkur og Ragnar útskýrðu nánar hugmyndafræði forvalsins og Ragnar útskýrir flækjustigið og erfiðleikastuðul verkefnisins og áhrif á framkvæmdarkostnað. Tímalengd forvals og lokaðs alútboðs er samanlagt um 30 dagar. Kostur forvalsins er að fá inn stöðu og áhuga markaðsins á verkefninu út frá tímamörkum og myndi staðan raungerast að yfirstöðnu forvali eftir 10-14 daga frá auglýsingu forvals. Við almennu aðferðina myndi sveitarfélagið rástafa tíma og kostnaði fram yfir áramót til að fá stöðu, áhuga og getur markaðsins til að skila verkefninu á tilsettum tímamörkum og gæðum. Komi fram áhugasamir aðilar gegnum forvalið sem standast kröfur tíma og gæða verður farið áfram rakleiðis í alútboðið. Ef ekki, er Plan A sjálfhætt og farið verður í aðra valkosti um húsnæði.

6. Byggingarnefnd óskar eftir því að Mannvirkja- og umhverfissvið kanni þann möguleika að flýta byggingu leikskólahluta Stekkjaskóla gegnum aðferðarfræðina forval fyrir alverktöku svo nýta megi hann sem almennt kennsluhúsnæði í upphafi skólaárs 2021 eða þangað til að fyrsti áfangi grunnskólans verður tilbúinn til notkunar á vormánuðum 2022.

Heildarkostnaður vegna forvalsleiðar er 1.835.700 án vsk samkvæmt útgefnum reikningum frá Verkís sem var ráðgjafi þessa forvals.